



## **192. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 19. jan. 2017 kl. 09:30.**

Mætt: Björgvin Eyjólfur Björgvinsson (áfangastjóri), Eydís Þ. Indriðadóttir, Haraldur Eiríksson (fjármálastjóri), Hólmfríður Sigrún Gylfadóttir (fulltrúi foreldra), Jón Hjartarson, Jón G. Valgeirsson, Kristjana Hrund Bárðardóttir (fulltrúi kennara), Olga Lía Garðarsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Sigursveinn Már Sigurðsson (fulltrúi kennara boðaði forföll), Sigþór Constantin Jóhannsson (fulltrúi nemenda) Sigprúður Jónsdóttir, og Þórarinn Ingólfsson.

Sandra D. Gunnarsdóttir formaður skólanefndar setti fundinn og bauð fólk velkomið til fyrsta fundar á nýju ári.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fundargerð**

Fundargerð 191. fundar var samþykkt án athugasemda.

#### **2. Upphaf vorannar - BEB**

Björgvin Eyjólfur áfangastjóri fór yfir helstu atriði sem tengjast upphafi vorannar. Meðal annars sagði hann frá fjölda nemenda og kom fram að skráðir nemendur í dagskóla eru 709. Annað sem kom fram var skipting nemenda á námsbrautir. Lang flestir nemenda sækja inn á stúdentsbraut opna línu eða 247 nemendur. Björgvin fór yfir dæmigerða stúdentsbraut þ.e. hvernig kjarninn er uppbyggður og hvað bætist við til þess að ljúka stúdentsprófi. Hann útskýrði hve mikið af einingum nemendur þyrftu að ljúka á önn til þess að ljúka stúdentsprófi á þremur árum. Umræður sköpuðust um framhaldsnám nemenda að loknum framhaldsskóla.

#### **3. Rekstrarstaðan - HE**

Haraldur fjármálastjóri fór yfir stöðu skólans. Hann byrjaði á að fara yfir fjármagn til nýbyggingarinnar. Það kom fram í máli hans að kostnaður er núna kominn upp í 1.070.000.000 til byggingarinnar. Olga Lía sagði að fjárframlög hafi komið frá fyrirtækjum sem og tæki til nýbyggingarinnar. Haraldur sýndi rekstraráætlun næstu þriggja ára og kom fram að hækkun er ekki á milli ára þar sem reikna má með fækkun nemenda.

#### **4. Málþing FSu – SDG**

Sandra ræddi um málþing og spurði hvort það væri ástæða til að fresta því um óákveðinn tíma. Fundarmenn töldu skynsamlegt að fresta því þar sem næg verkefni væru nú þegar innan skólans sem tengdust samfélaginu. Umræður urðu til um væntanlega „Starfamessu“ sem haldin verður þriðjudaginn 14. mars í skólanum.



## 5. Önnur mál:

### A. Heimavistarmál

Núna eru tveir nemendur sem leigja herbergi á Eyraveginum þannig að það hefur fækkað um einn. Óljóst er enn með framhald leigunnar. Fundarmenn telja mikilvægt að rætt verði við sveitastjórnarmenn fyrir austan.

### B. Skoðunarferð í Hamar

Fundarmenn fóru í skoðunarferð í Hamar kl. 10:45 og var fundi slitið í framhaldi af því.

Næsti fundur er fyrirhugaður 9. mars 2017

Fundi slitið í framhaldi af ferð í Hamar  
Fundarritari,  
Þórarinn Ingólfsson